

Reykjavík, 22. mars 2022

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Félagsheimilinu Árnesi

804 Selfossi (dreifbýli)

Efni: Styrktarbeiðni til að tryggja rekstrargrundvöll Íslandsdeildar Transparency International.

Ágæti viðtakandi

Íslandsdeild Transparency International (TI-IS) var stofnuð árið 2021 á grunni Gagnsæis – samtök gegn spillingu. Transparency eru stærstu alþjóðasamtök heims með það að markmiði að berjast gegn spillingu og fyrir heilindum í stjórnsýslu, stjórnámálum og viðskiptalífi. Spilling hefur er misbeiting valds í þágu sérhagsmuna. Hún er alltaf ógn við hagsmuni almennings. Stofnun Íslandsdeildar er mikilvægt skref í aukinni vitundavakningu og baráttunni fyrir aðgerðum á Íslandi en svo starf deildarinnar geti verið gjöfult þarf að tryggja rekstrargrundvöll deildarinnar með styrkjum frá einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum. Stjórn Íslandsdeildar TI áætla að til þess þurfi að lágmarki u.þ.b. kr. 16 milljónir á ári. Það er einlæg von okkar að sveitarfélagið sjái sér fært að styðja við bakið á deildinni.

Alþjóðastofnanir hafa lýst því yfir og rannsóknir sýna með óyggjandi hætti að spilling er illvíg samfélagsleg meinsemd sem vegur að lýðræðinu, mannréttindum og réttarríkinu. Hún leiðir til mismununar, hamlar efnahagslegri þróun, skerðir lífskjör og eykur ójöfnuð. Spilling veldur umhverfisspjöllum og mengun og stuðlar að sóun auðlinda og síðast en ekki síst grefur hún undan heilbrigðum viðskiptaháttum. Hún skekkir samkeppni og skaðar fyrirtæki, starfsfólk og neytendur og bitnar mest á þeim sem minnst vald og áhrif hafa, verst standa og eru fátækastir.

Transparency International (TI) voru stofnuð árið 1992 og hafa um langa hríð verið ein stærstu alþjóðlegu samtökin sem vinna að heilindum í stjórnámálum, stjórnsýslu og viðskiptalífi hvarvetna í heiminum. Samtökin eru sjálfstæð og óháð stjórnvöldum og eru ekki rekin til að skila hagnaði. Þau starfa í meira en 100 löndum og berjast gegn spillingu og því mikla óréttlæti og margs konar samfélagslega skaða sem hún veldur.

Gagnsæi – samtök gegn spillingu voru stofnuð í desember 2014 í þeim tilgangi að sækja um aðild að alþjóðasamtökunum Transparency International og vinna með margvíslegum hætti gegn spillingu með því að auka þekkingu í íslensku samfélagi á einkennum og aðstæðum sem geta hvatt til spilltrar hegðunar og efla almennan skilning á afleiðingum spillingar. Eftir fimm ára aðildarferli hefur Gagnsæi nú fengið inngöngu í TI-samtökin og heimild til að stofna **Íslandsdeild Transparency International**. Gagnsæi verður því nú lagt niður og Íslandsdeild TI stofnuð að fyrirmynd og samkvæmt forskrift alþjóðasamtakanna. Framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn í hlutastarf og unnið er að því að finna hentuga skrifstofu fyrir deildina.

Íslandsdeild Transparency International hyggst vinna að markmiðum sínum með því meðal annars að:

1. Halda fræðslufundi og ráðstefnur.
2. Stuðla að vísindalegum rannsóknum, mati á heilindavísunum, spillingarhvötum og spillingarvörnum.
3. Þýða og miðla upplýsingum og góðum fyrirmyndum (e. best practice).
4. Hafa frumkvæði að opinni og upplýstri umræðu um heilindi í stjórnámálum, stjórnsýslu, viðskiptalífi og samfélagi og skipulagðar spillingarvarnir.
5. Taka þátt í innlendu sem alþjóðlegu samstarfi um heilindi, spillingarvarnir og greiningu.
6. Hvetja til gagnsærrar ákvarðanatöku í opinberri stefnumótun, gagnsæi í stjórnun og samskiptum og árvekni gagnvart spillingu og spillingarhættum í íslensku samfélagi.

Til að þetta geti gengið eftir þarf að tryggja rekstrargrundvöll deildarinnar. Með vísan til þess sem að framan er rakið og fer stjórn Íslandsdeildar Transparency International þess á leit að sveitarfélagið sjái sér fært að styðja við deildina með fjárframlögum kr. 50.000 – 250.000.

Deildin lýsir einnig miklum áhuga á að ræða við sveitarfélagið um hvort og þá hvernig Íslandsdeild TI getur komið að kynningu, fræðslu og/eða umræðum á vettvangi sveitarfélagsins um spillingarhvata, spillingaráhættu og varnir.

Við undirrituð erum að sjálfsögðu reiðubúin til að funda með sveitastjórn og/eða starfsfólki til að gera betri grein fyrir því sem fram kemur í þessu erindi.

Með góðri kveðju og von um jákvæð viðbrögð.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Íslandsdeildar Transparency International,

Jóhann Hauksson, formaður stjórnar

Atli Þór Fanndal, framkvæmdastjóri